

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	17.04.19
Málalykill	00.48
Mál nr.	1903338

Lögmenn Laugardal ehf
b.t. Björns Þorra Viktorssonar hrl.
Sundagörðum 2
104 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2019
Tilvísun ÞÍ: 2018110607/6.5.1

**Efni: Ágreiningur um gjaldstofn fasteignaskatts að lðnbúð 5, F2070961.
Úrskurður Þjóðskrár Íslands.**

Með bréfi, dags. 2. nóvember 2018, óskaði Björn Þorri Viktorsson hrl., f.h. Elbu ehf, að Þjóðskrá Íslands tæki til úrskurðar ágreining um gjaldstofn fasteignaskatts að fasteigninni lðnbúð 5, F2070961.

Málavextir eru þeir að umrædd fasteign er skráð sem atvinnuhúsnæði og hefur verið skattlögð sem slík af hálfu Garðabæjar á grundvelli c- liðar 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Elba ehf., nýtti húsnæðið undir heildsölulager fram til ársins 2004 en hefur síðan þá nýtt húsnæðið sem bílskúr. Þann 1. júní 2018 sendi Pétur Stefánsson, f.h. Elbu ehf., inn erindi til Bæjarráðs Garðabæjar þar sem hann óskaði eftir því að eignin yrði skattlögð skv. a- lið 3. mgr. 3. gr. fyrrnefndra laga, í samræmi við notkun, þ.e. sem bílskúr. Þann 27. júní s.á. hafnaði Bæjarráð Garðabæjar beiðninni með vísan til þess að eignarhluti í atvinnuhúsnæði sem nýttur væri sem bílageymsla gæti ekki fallið undir ákvæði a-liðar 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og talist íbúðarhúsnæði.

Þann 2. nóvember sl., barst Þjóðskrá Íslands beiðni frá lögmanni aðila, eins og ofan greinir, um að úrskurðað yrði um gjaldstofn eignarinnar í samræmi við 3. mgr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Þann 18. mars sl., óskaði Þjóðskrá Íslands eftir því við Garðabæ að stofnuninni yrðu afhent afrit allra gagna málsins sem og athugasemdir sveitarfélagsins, ef einhverjar væru, eigi síðar en 29. mars 2019. Athugasemdir Garðabæjar bárust þann 1. apríl sl., þar ítrekaði sveitarfélagið að málsatvik væru alveg skýr hvað varðar umrætt húsnæði. Húsnæðið væri ekki nýtt sem íbúðarhúsnæði og geti því ekki fallið undir ákvæði a-liðar 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga enda feli ákvæðið í sér tæmandi upptalningu á tegund þess húsnæðis sem getur fallið þar undir.